



ÖRYGGISBLAÐ

skv. reglugerð (EB) nr. 1272/2008 og 453/2010

Útgáfa: 1

Dagsetning: 24. júlí 2015

1. AUÐKENNING EFNISINS/BLÖNDUNNAR OG FÉLAGSINS/FYRIRTÆKISINS

1.1. Vörukenni **CAPELLA HFC 55**

1.2. Tilgreind notkun Kælipjöppuolía.

1.3. Söluaðili Olíuverzlun Íslands hf.
Katrínartúni 2
105 Reykjavík

Sími: 515 1000

Netfang: olis@olis.is

Veffang: www.olis.is

1.4. Neyðarsímanúmer

Neyðarlínan: 112

Eitrunarmiðstöð LSH: 543 2222

2. HÆTTUGREINING

2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar samkvæmt reglugerð (EB) 1272/2008

Flokkun Langv. eit. á vatn. 3; H412

2.2. Merkingaratriði

Hættumerki Ekki hættumerkingarskylt

Hættusetningar H412 – Skaðlegt lífi í vatni, hefur langvinn áhrif.

Varnaðarsetningar P273 – Forðist losun út í umhverfið.

PBT/vPvB-mat Efnið inniheldur hvorki PBT- né vPvB-efni.

3. SAMSETNING INNIHALDSEFNA/UPPLÝSINGAR UM INNIHALDSEFNI

3.2 Blanda

Blanda

Efni	Efnakenni	Styrkur%	Flokkun
Trífenýlfosfat	CAS#: 115-86-6 EINECS#: 204-112-2	0,1-0,5	Bráð eit. á vatn. 1; H400 Langv. eit. á vatn. 1; H410

Hættusetningar eru skráðar í 16. lið.

4. RÁÐSTAFANIR Í SKYNDIHLJÁLPI

4.1. Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálpi

Eftir innöndun Tryggið viðkomandi ferskt loft. Leitið lækni ef einkenna verður vart.

Eftir snertingu við augu Skolið vandlega með miklu vatni. Haldið augnlokum frá.

Eftir snertingu við húð Þvoið húðina með sápu og miklu vatni. Leitið lækni ef erting kemur fram. Þvoið óhreinkaðan fatnað.

Eftir inntöku Ekki framkalla uppköst. Leitið lækni.

4.2. Helstu einkenni og áhrif, bæði bráð og tafir

Einkenni og áhrif Getur valdið ertingu í öndunarfærum við langvarandi eða endurtekna innöndun olíuúða.

4.3. Merki um þörf á bráðri lækniþjónustu eða sérstakri meðhöndlun

Sérstök meðhöndlun Á ekki við.

5. RÁÐSTAFANIR VEGNA SLÖKKVIÐGERÐA

5.1. Slökkvibúnaður

Viðeigandi Koltvísýringur, slökkviduft, vatnsúði.

5.2. Sérstök hættu af blöndunni

Myndefni við bruna Mjög háð brunaskilyrðum. Flókin blanda loftborinna agna, vökva og lofttegunda myndast við bruna, þ.m.t. kolefnisoxíð og lífræn efnasambönd.

5.3. Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn

Ráðgjöf Ekki eldfimt, en brennur. Notið ferskloftstæki og alklæðnað slökkviliðsmanna.

6. RÁÐSTAFANIR EF EFNI FER ÓVART TIL SPILLIS EÐA ER LOSAÐ FYRIR SLYSNI

6.1. Öryggisráðstafanir fyrir fólk

Öryggisráðstafanir Fjarlægjið íkveikjugjafa í grennd við leka. Notið persónuhlífar. Sjá liði 5 og 8.

6.2. Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins

Ráðstafanir Hindrið að berist í jarðveg, vatnsfarvegi og niðurföll. Hindrið frekari leka ef mögulegt án áhættu.

6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar

Aðferðir Stöðvið leka ef mögulegt án áhættu. Afmarkið og safnið leka með eldtraustu ísogsefni (sandi, jarðvegi, vermikúlíti eða kísilgúr). Gerið yfirvöldum viðvart ef leki er meiriháttar. Fargið í samræmi við gildandi lög og reglur.

6.4. Tilvísun í aðra liði

Aðrir liðir Sjá 8. og 13. lið fyrir upplýsingar um váhrifavarnir og förgun.

7. MEÐHÖNDLUN OG GEYMSLA

7.1. Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun

Meðhöndlun Forðist mengun jarðvegs eða að efnið berist í holræsi og vatnshlot. Matist hvorki, drekkið né reykið við meðhöndlun efnisins. Bragið hvorki né gleypið. Þvoið ykkur vandlega eftir meðhöndlun.

Stöðurafmagn Stöðurafmagn getur hlaðist upp og skapað hættulegar aðstæður við meðhöndlun efnisins. Til að lágmarka þessa hættu, getur verið nauðsynlegt að jarðtengja og spennujafna. Þó getur verið að það dugi ekki til eitt og sér. Yfirfarið allar aðgerðir sem geta mögulega valdið og hlaðið upp stöðurafmagni og/eða eldfimar aðstæður.

Umbúðir Umbúðir eru ekki hannaðar til að þola þrýsting. Ekki tæma umbúðir með þrýstingi, þær geta sprungið með miklum látum. Tómar umbúðir innihalda efnaleifar og geta verið hættulegar. Ekki pressa, skera, logsjóða eða bora. Haldið fjarri hita, eldi, neistum, stöðurafmagni og öðrum íkveikjugjöfum. Tæmið notaðar umbúðir, lokið og fargið í samræmi við gildandi lög og reglur.

7.2. Örugg geymsluskilyrði, einnig m.t.t. ósamrýmaleika

Geymsla Á ekki við.

7.3. Sérstök notkun

Sérstök notkun Kælipjöppuolía.

8. VÁHRIFAVARNIR/PERSÓNUHLÍFAR

8.1. Viðmiðunarmörk fyrir váhrif

Váhrifamörk á vinnustað Engin tilgreind.

8.2. Váhrifavarnir

Almennt Tryggið næga loftræstingu.

Hreinlæti Þvoið hendur fyrir vinnuhlé, áður en matast er, drukkíð eða reykt og í lok vinnudags. Þvoið vinnufatnað reglulega. Fleygið óhreinkuðum skóbúnaði sem ekki er hægt að þrifa.

Til hlífðar öndun Venjulega ekki þörf. Tryggið næga loftræstingu. Varist innöndun gufu/úða. Notið ferskloftstæki við mikla þéttni í lofti.

Húð og líkami Enginn sérstakur hlífðarfatnaður. Almennur hlífðarfatnaður við meðhöndlun efna.

Til hlífðar höndum Notið hlífðarhanska við langvarandi eða endurtekna snertingu. Efni í hönskum: Nítríl/bútýlgúmmí.

Til hlífðar augum Notið öryggisgleraugu með hliðarvörn ef hætta er á slettum.

9. EÐLIS- OG EFNAFRÆÐILEGIR EIGINLEIKAR

9.1 Upplýsingar um helstu eðlis- og efnafræðilega eiginleika

Eðlisástand Vökvi

Litur Litarlaust/gulleitt

Lykt Jarðolía

pH-gildi (vatnslausn) Á ekki við

Upphafssuðumark >315°C

Gufuþrýstingur <0,01 mmHg við 37,8°C

Seigja 53 mm²/s við 40°C

Blossamark >270°C

Eðlisþyngd 1,011 kg/l við 15°C

Leysni Leysanlegt í vetniskolefnum; óleysanlegt í vatni

10. STÖÐUGLEIKI OG HVARFGIRNI

10.1. Hvarfgirni

Hvarfgirni Getur hvarfast við sýrur og oxara, s.s. klóröt, nítröt, peroxíð o.s.frv.

10.2. Efnafræðilegur stöðugleiki

Stöðugleiki Stöðugt við venjuleg skilyrði.

10.3. Hætta á skaðlegum efnahvörfum

Efnahvörf Engin hættuleg hvörf við ráðlagða notkun og geymslu.

10.4. Skilyrði sem ber að varast

Skilyrði Á ekki við.

10.5. Ósamrýmanleg efni

Efni Á ekki við.

10.6. Skaðleg niðurbrotsefni

Niðurbrotsefni Engin þekkt.

11. EITUREFNAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

11.1. Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif

Húðæting/-erting Ekki flokkað.

Augnæting/-erting Ekki flokkað.

Innöndun Ekki flokkað.

Húðnæming Ekki flokkað.

Stökkbreytandi áhrif Ekki flokkað.

Krabbameinsvaldandi áhrif Ekki flokkað.

Eiturhrif á æxlun Ekki flokkað.

Sértæk eiturhrif á marklíffæri Ekki flokkað.

Ásvelgingarhætta Ekki flokkað.

12. VISTFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

12.1. Eiturhrif

Eiturhrif á vatnalíf Skaðlegt lífi í vatni, hefur langvinn áhrif.

12.2. Þrávirkni og niðurbrjótanleiki

Lífbrjótanleiki Ekki auðveldlega lífbrjótanlegt. Hefur langvinn, skaðleg áhrif á líf í vatni.

12.3. Uppsöfnun í lífverum

Uppsöfnun Engin gögn.

12.4. Hreyfanleiki í jarðvegi

Hreyfanleiki Engin gögn

12.5. Niðurstöður úr mati á PBT- og vPvB eiginleikum

Mat Inniheldur hvorki PBT- eða vPvB-efni.

12.6. Aðrar upplýsingar

Aðrar upplýsingar Engin gögn.

13. ATRIÐI VARÐANDI FÖRGUN

13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs

Förgun vörunnar Forðist myndun úrgangs. Tómar umbúðir geta innihaldið leifar af efninu.

Fargið í samræmi við gildandi lög og reglur.

Úrgangskóði (EWC) 13 02 08 – Aðrar vélar-, gír- og smurolíur.

14. UPPLÝSINGAR VARÐANDI FLUTNING

Heyrir ekki undir alþjóðlegar reglur um flutninga á hættulegum varningi.

15. UPPLÝSINGAR VARÐANDI REGLUVERK

15.1. Sértæk löggjöf

15.1.1. ESB-reglur

- Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH), með síðari breytingum.
- Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, með síðari breytingum.

15.1.2. Íslenskar reglur

- Reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna.
- Reglugerð nr. 750/2008 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH).

15.2. Efnaöryggismat

Mat Efnaöryggismat hefur ekki verið gert fyrir efnið.

16. AÐRAR UPPLÝSINGAR

Hættusetningar	H400 – Mjög eitrað lífi í vatni. H410 – Mjög eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif.
Skammstafanir	ADN: Reglur um flutning hættulegra efna á skipgengum vatnaleiðum. Evrópusamningur um millilandaflutninga á hættulegum farmi á skipgengum vatnaleiðum. ADR: Reglur um millilandaflutninga á hættulegum farmi á vegum . Evrópusamningur um millilandaflutninga á hættulegum farmi á vegum. DNEL: Viðmiðunarmörk fyrir váhrif. IMDG: Alþjóðlegur kóði um siglingu með hættulegan varning. PBT: Þrávirk efni sem safnast fyrir í lífverum og eru eitruð. PNEC: Styrkur þar sem engin váhrif eru fyrirsjáanleg. REACH: Skráning, mat, leyfisveiting og takmarkanir að því er varðar efni. TWA: Tímavegið meðaltal. vPvB: Mjög þrávirk efni sem safnast fyrir í lífverum í miklum mæli. STOT RE: Sértek eiturrif á marklíffæri, endurtekin váhrif. STOT SE: Sértek eiturrif á marklíffæri, váhrif í eitt skipti. LC50: Miðgildisbanastyrkur. LD50: Miðgildisbanaskammtur.

Upplýsingarnar á þessu blaði eru, samkvæmt okkar bestu vitneskju, réttar og tæmandi á útgáfudegi. Þær eiga aðeins við um vöruna sem þær lýsa, en ætti ekki að túlka sem tryggingu fyrir tilteknum eiginleikum hennar. Ef varan er notuð með öðru efni eða í öðrum tilgangi en tilgreindur er, gæti verið að upplýsingarnar ættu ekki lengur við. Það er á ábyrgð notanda vörunnar að leggja mat á gildi og ítarleika upplýsinganna í ljósi notkunar sinnar. Engin ábyrgð er tekin á missi eða tjóni vegna notkunar þessara upplýsinga.

Endurskoðun	24. júlí 2015.
Útgáfa	1
Gert þann	11. júní 2017.
Þýðing og uppsetning	Reynir Hjálmarsson
Heimild	Uno-X Smørelie A/S, teknik@unox.dk